


CQ TF



16. ÁRGANGUR

1. TÓLUBL. 1981

JANÚAR





FRÁ RITSTJÓRA....

Útkoma fréttabréfs Í.R.A. hefur legið niðri síðan í september sl. Að afloknu sumarleyfi sá TF3KX sér því miður ekki fært að taka við ritstjórn að nýju og undirritaður hafði aðeins ritstjórn með höndum til bráðabirgða eins og marg oft var tekið fram.

Ákveðið hafði verið að breyta nafni fréttabréfsins í CQ TF og að það kæmi út. mánaðarlega með svipuðu sniði og áður, ef einhver ritstjóri fengist. Undirritaður tók að sér að koma út næsta blaði, sem hér með sér dagsins ljós þótt seint sé. Flestir munu vera sammála að útgáfa CQ TF í fréttabréfs- eða öðru formi sé félaginu mikil lyftistöng. Þar þarf hinsvegar meira en að vera sammála til að halda útgáfunni gangandi vegna þess að hún er tímafrek sjálfboðavinna. Útgáfan hlýtur að vera háð undirtektum og raunhæfu framlagi félagsmanna sjálfra. Dæmisagan um litlu gulu hænuna er aldrei langt undan.

Fleiri verða blöðin ekki af minni hálfu við óbreyttar aðstæður. Boltanum er varpað til þín félagsmaður góður. Vilt þú gera eitthvað í málinu?

73 de TF3KB.

P.S. Öllum þeim fáu sem unnu að útgáfu þessa blaðs eru færðar beztu þakkir.



CQ TF er félagsblað og fréttabréf Í.R.A.
Útg.: Íslenskir radíóamatörar
- Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Reykjavík.
- Aðsetur: Dugguvogur 1.b., 104 Reykjavík.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Kristján Benediktsson, TF3KB.

Forsíðumyndin er teiknuð af Bryndísi Þórarinsdóttur.

FRÉTTIR

de TF3KB.

Félagsmerkið hefur nú verið teiknað upp á nýtt. Hin nýja teikning er sýnd hér til hægri í pós. og neg. útgáfu þetta er þriðja teikning af merkinu frá upphafi, ef frá er talið afmælismarkið. Forsaga málsins er sú að á síðasta aðalfundi var lagt fram uppkast að merki, og það samþykkt. Hið nýja merki er unnið samkvæmt þessu uppkasti. Tekið er tillit til ábendinga, sem fram höfðu komið um útfærslu merkisins. TF3AC hafði bent á að æskilegt væri að hafa hornin afrúnuð, sérstaklega m.t.t. barmmerkja. Einnig benti hann á að skemmtilegt gæti verið að hafa pláss fyrir einhverja áletrun inni í þéttinum, t.d. kallmerki aldur félagsins á afmælum þess, eða eitthvað annað viðeigandi. TF3KX benti á, að eðlilegra væri að hafa r-ið efst til að skammstöfunin Í.R.A. skildist. Þessi gerð merkisins gengur nær fyrstu gerð merkisins heldur en gerð númer tvö (bílmerkið). Toppornið er 51 gráða, sem er minna en í merki nr. 2, en svipað og í fyrsta merkinu, en það er einnig svipað og t.d. í danska og breska merkinu, en stærra en í bandaríska merkinu.

Frétzt hefur að diplómnefndarmenn fagni mjög hinu nýja merki, en vöntun þess hefur staðið diplóminu fyrir þrifum um skeið.

TF3DC Óskar Sverrisson hefur af eigin áhuga boðið fram starfskrafta sína í embætti söguritara, Stjórn Í.R.A, samþykkti þetta að höfðu samráði við TF3AC, sem var í embætti fyrir. Munu þeir starfa samhliða að þessum málum. Var almennt fagnað þessu frumkvæði Óskars, en alltof sjaldgæft er að menn bjóðist ótilkvaddir að starfa fyrir félagið. Mættu fleiri taka sér þetta til fyrirmyndar. TF3AC hefur gefið félaginu upplagið af QSL bæklingnum sínum, sem getið var um í Fréttabréfinu á sl, sumri og eru þetta um 1000 eintök, mjög snyrtilega prentuð og frágengin.

Til stendur að smíðaaðstaðan verði fullbúin fljótlega eftir mánaðarmótin (janúar/febrúar). Raflögn hefur að mestu verið endurnýjuð, lýsing og tenglar. TF3KC sá um límingar á harðplasti á borð ásamt fleirum. Þá var teppalagt sl. haust og lokið frágangi á viðarklæðningu, sem var í höndum TF3SO og TF 3-035.



félagsmál

í umsjó stjórnar

Í.R.A. sem landsfélag íslenzkra radíóamatöra og félagi í I.A.R.U. hlýtur að hafa margvíslegu hlutverki að gegna. Ef vel á að vera þarf félagið að vinna á breiðum grundvelli, margir hlutir þurfa að vera í lagi samtímis.

Í okkar fámenni má alltaf búast við sveiflum í félagsstarfinu, að mikilvægir þættir standi um of eða falli með frumkvæði einstakra manna. Þess vegna er gagnlegt að reyna að gera sér heildarmynd af því sem æskilegt væri að unnið sé að í félaginu að staðaldri. Hinn 22. apríl 1980 hélt stjórn Í.R.A. fund meðal embættismanna félagsins og lagði fram drög að skilgreiningu á verksviðum embættismanna: Þessi drög voru samþykkt á fundinum og síðan formlega samþykkt af stjórn Í.R.A. Stjórnin hyggst kynna þessar skilgreiningar fyrir félagsmönnum og síðan leggja þær fyrir aðalfund 1981 ásamt breytingum, ef einhverjar verða.

Tilgangur þessara skilgreininga er að stuðla að bættum árangri og meiri breidd í félagsstarfinu. Tilvist þeirra ein tryggir ekki neinn árangur. Til þess þarf áhuga og starfsvilja félagsmanna. Skilgreiningarnar geta hinsvegar minnt okkur á, verið nokkurskonar rammi, stuðlað að góðum venjum og samfelli í félagsstarfinu án þess að sníða því of þröngan stakk.

Það er ekki skortur á góðum hugmyndum, en þær falla hinsvegar fyrir lítið ef þær eru ekki framkvæmdar. Vilji er allt sem þarf. Skilgreiningar á verksviðum embættismanna.

Sérhver embættismaður Í.R.A.:

- 1/ Leitast við að stuðla að jákvæðri og alhliða uppbyggingu íslenzks amtörradíós innan félagsins í samræmi við tilgang þess.
- 2/ Lítur á sjálfan sig sem fulltrúa félagsins og íslenzks amatörradíós, og lætur sér engin radíóamatörmálefni óviðkomandi.
- 3/ Er sér þess meðvitaður, að þau viðhorf hans gagnvart embætti sínu og amtörradíói, sem hann sýnir félögum sínum og uppvaxandi kynslóð radíóamatöra, koma til með að ráða miklu um þar hver verður þróun íslenzks amtörradíós í framtíðinni.
- 4/ Miðlar upplýsingum varðandi starfssvið sitt bæði innávið og útávið.
- 5/ Tekur saman skriflega þau atriði, sem honum finnst skipta máli í starfi sínu, svo sem um góðar venjur og þar sem betur má fara, auk annarra upplýsinga og lætur félaginu og eftirmanni sínum í té, þegar hann lætur af störfum.

Fræðslu- og útgáfumál.

Prófnefnd:

- 1/ Er skipuð fimm mönnum, sem skipta með sér verkum.
- 2/ Annast nýliðapróf fyrir hönd félagsins.
- 3/ Fjallar fyrir hönd félagsins um prófmál allra amatörprófa, og stuðlar eftir mætti að eðlilegum prófkröfum og samræmingu milli prófstiga, með sambandi við Póst & símamálastofnunina eftir föngum.
- 4/ Heldur sérstaka fundargerðarbók og skráir í hana sem ítarlegastar upplýsingar um próf, sem nefndin heldur.
- 5/ Tilkynnir niðurstöður nýliðaprófa til stjórnar.

Fræðslustjóri:

- 1/ Hefur umsjón með þeirri fræðslustarfsemi, sem fram fer á vegum félagsins í nánú samráði við aðra embættismenn.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Söguritari:

- 1/ Leitar uppi og heldur til haga gögnum varðandi sögu Í.R.A. og íslensks amatörradíós.
- 2/ Gerir skriflega grein fyrir niðurstöðum sínum.

Ritstjóri CQ TF:

- 1/ Er ritstjóri og ábyrgðarmaður félagsblaðsins CQ TF.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Ritstjóri Fréttabréfsins:

- 1/ Er ritstjóri og ábyrgðarmaður fréttabréfs félagsins.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Auglýsingastjóri:

- 1/ Annast öflun auglýsinga í CQ TF og Fréttabréfið.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Tæknimál.

Tæknilegur forstjóri:

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna um tæknileg efni.
- 2/ Hefur umsjón með þeirri tæknilegri starfsemi, sem fram fer á vegum félagsins, í nánú samstarfi við aðra embættismenn.
- 3/ Er ritstjóri tæknidálks í CQ TF og Fréttabréfinu.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Verkstaðisformaður:

- 1/ Hefur umsjón með smíðaaðstöðu félagsins.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Metrabylgju forstjóri (VHF Manager):

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna um þau málefni viðskipta- og tæknilegs eðlis, sem varða tíðnir hærrí en 30 MHz.
- 2/ Hefur umsjón með þeirri starfsemi félagsins, sem fer fram á þessum tíðnum í nánú samstarfi við aðra embættismenn.
- 3/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila, sem um þessi mál fjalla.
- 4/ Er ritstjóri VHF dálks í CQ TF og Fréttabréfinu.
- 5/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Útbreiðslukönnuður radíóbylgna:

- 1/ Safnar saman, heldur til haga og miðlar áhugaverðum upplýsingum um útbreiðslu radíóbylgna, sérstaklega m.t.t. sérstöðu Íslands.

- 2/ Hefur umsjón með þeirri starfsemi, á vegum félagsins sem miðar að upplýsingaöflum í þessum efnum t.d. radióvitum.
- 3/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila, sem um þessi mál fjalla.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Forstjóri P.I.R.A.

- 1/ Annast rekstur þöntunarfélagsins í tengslum við smíða- og fræðslustarfsemi á vegum félagsins.
- 2/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna að því er varðar efnisöflun.
- 3/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Truflanavarnatæknir:

- 1/ Safnar saman og miðlar upplýsingum um aðferðir til að deyfa og losna við truflanir frá amatörsendum.
- 2/ Vinnur að því að koma upp og viðhalda búnaði til truflana-deyfinga, sem félagsmenn geta haft aðgang að.
- 3/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

RTTY forstjóri:

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna.
- 2/ Hefur umsjón með þeirri starfsemi, sem fram fer á vegum félagsins í RTTY málum.
- 3/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila í RTTY málum.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

SSTV forstjóri:

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna.
- 2/ Hefur umsjón með þeirri starfsemi, sem fram fer á vegum félagsins í SSTV málum.
- 3/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila í SSTV málum.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum. Viðskiptamál:

QSL forstjóri (QSL Manager):

- 1/ Annast rekstur QSL þjónustu fyrir félagsmenn.
- 2/ Miðlar upplýsingum um QSL mál til félagsmanna.
- 3/ Er ritstjóri QSL dálks í CQ TF og Fréttabréfinu.
- 4/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila að því er QSL mál varðar.
- 5/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Viðurkenninga forstjóri (Awards Manager):

- 1/ Er upplýsingamiðill og tengiliður félagsmanna að því er varðar erlend viðurkenningarskjöl og málefni
- 2/ Er formaður Diplóm nefndarinnar.
- 3/ Yfirfer gögn þeirra, sem sækja um eins bókstafs viðskeyti og gerir stjórninni grein fyrir niðurstöðum sínum.

4/ Er ritstjóri Diplóm dálks í CQ TF og Fréttabréfinu.

Viðurkenninganefnd (Awards Committee):

- 1/ Annast málefni I.R.A.A. diplómsins.
- 2/ Heldur sérstaka fundargerðarbók og skráir í hana m.a. diplómveitingar og upplýsingar um starfrækslutíma allra nýliða frá upphafi.

Keppnis-forstjóri (Contest Manager):

- 1/ Miðlar upplýsingum um keppnismál til félagsmanna
- 2/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila í keppnismálum
- 3/ Annast framkvæmd og skipulagningu þess er varðar TF útileikana.
- 4/ Er ritstjóri keppnisdálks í CQ TF og Fréttabréfinu.
- 5/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Viðskiptaforstjóri (Traffic Manager):

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna um þau viðskiptamál, sem tilheyra ekki beinlínis öðrum (t.d. QSL, Diplóm & Contest Mgrs).
- 2/ Annast viðskiptaleg málefni félagsstöðvarinnar eins og t.d. QTC-sendingar, QSL kort, radiódagbækur, o.fl.
- 3/ Hefur umsjón með afnotum félagsmanna af félagsstöðinni.
- 4/ Er ritstjóri viðskiptadálks í CQ TF og Fréttabréfinu. .
- 5/ Sér um að félagsstöðin sé í góðu ásigkomulagi tæknilega séð.
- 6/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Neyðarfjarskiptastjóri:

- 1/ Hefur umsjón með neyðarfjarskiptamálum í samvinnu við félagsmenn.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Ýmis önnur félagsmál.

Stjórn Í.R.A.:

- 1/ Fer með málefni félagsins á milli aðalfunda,
- 2/ Skipar sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Bóka- og blaðasafnsstjóri:

- 1/ Sér um bóka- og blaðakost félagsins, að honum sé haldið í góðu horfi.
- 2/ Heldur spjaldskrá yfir bóka- og blaðakost félagsins
- 3/ Hefur umsjón með afnotum félagsmanna af bókum og blöðum.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Drykk- og meðlætisstjóri:

- 1/ Annast innkaup á drykkjarvörum og meðlæti til sölu í húsakynnum félagsins og sér um að aldrei verði skortur.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Húsvörður Í.R.A.:

- 1/ Sér um að halda húsakynnum félagsins í góðu horfi.
- 2/ Opnar húsið tímanlega á opnunarkvöldum.
- 3/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Radíómiðunarstjóri:

- 1/ Miðlar upplýsingum til félagsmanna um málefni radíómiðana.
- 2/ Hefur umsjón með þeirri starfsemi, sem fram fer á vegum félagsins á sviði radíómiðana.
- 3/ Er tengiliður félagsins við erlenda aðila í radíómiðunarmálum.
- 4/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Radíóskáta tengill:

- 1/ Annast tviátta upplýsingastreymi milli Í.R.A. og radíóskáta.
- 2/ Hefur umsjón með J.O.T.A. málum fyrir hönd félagsins.

Almanna tengill (P.R.):

- 1/ Hefur umsjón með kynningu félagsins útávið í samráði við stjórnina og aðra félagsmenn.
- 2/ Kveður sér aðstoðarmenn eftir þörfum.

Póst & símamálastofnunar tengill:


- 1/ Er tengiliður milli Póst & símamálastofnunarinnar og Í.R.A. í náinni samvinnu við stjórn félagsins.

I.A.R.U. tengill:

- 1/ Er tengiliður milli I.A.R.U. og Í.R.A. í náinni samvinnu við stjórn félagsins.



Hann segist vera í félaginu af því að merkið fer svo vel á QSL-kortinu hans!



RÝMDARMÆLIR

sem við-bót tíðniteljara

Inngangur.

Merkingar mást stundum af þéttum, eða þær geta reynst óráðari en bezta dulmál. Stundum er þörf nákvæmra rýmdargilda af þéttum með við framleiðsluþolvik, svo velja þarf úr þéttum eða samtengja til að fá rétt gildi. Spurningin hvort þéttir sé einfaldlega í lagi eða ekki getur komið upp.

Hverfipéttar eru sjaldnast merktir með rýmdargildi sínu, og ef svo er þá er oftast aðeins hámarksrýmdin tiltekin, þótt lágmarksrýmdin skipti stundum eins miklu máli. Fyrir kemur að þörf er að vita dreifirýmd ýmiskonar, þegar ekki er um að ræða beinlínis þétti í kubbsformi.

Af nægum dæmum er að taka, þegar þörfin fyrir rýmdarmælingar er metin. Þörfin er raunar sambærileg í radiótækninni við þörfina fyrir viðnámsmælingar. Það er því umhugsunar vert hversvegna viðnámsmælar eru svona algengari og útbreiddari en rýmdarmælar. Eftir að stakir straum- og spennumælar höfðu verið við lýði um skeið, fann einhver upp á því að smíða straum-, spennu- og viðnámsmæli í sama húsið og fjölsviðsmælirinn varð til. Hann er hagkvæm og fjölhæf eining, sem sennilega er skýringin á vinsældum hans og útbreiðslu.

Með tilkomu tölránnar tækni og vísunar höfum við séð þessháttar útgáfu af fjölsviðsmælinum. Með hliðsjón af því að tölránnir straum- og spennumælar innihalda oftast teljara og því að rýmdarmæli eins og sá, sem lýst verður hér á eftir er aðeins sáraeinföld viðbót við tíðniteljara, þá er spurning hvort tölrána tæknin bjóði ekki upp á þá möguleika, að næsta hagkvæma eining innihaldi ekki aðeins straum-, spennu- og viðnámsmæli, heldur einnig rýmdar-, span-, tíðni- og m.fl. -mæli. Næsta kynslóð fjölsviðsmæla verður e.t.v. þannig úr garði gerð.


Enn sem komið er, eru slíkir mælar ekki orðnir almennir á markaðinum, né það ódýrir, að þeir geti orðið jafn almenn eign og fjölsviðsmælirinn fram að þessu. Viðbætur eins og hér verður lýst, eiga því enn rétt á sér, og geta a.m.k. tvöfaldað nothæfni tíðniteljara. Tíðniteljari er e.t.v. ekki mjög almenn eign meðal radióamatöra, en ekki er ólíklegt að það færist í vöxt í hinn öru þróun, að menn annað hvort kaupir eða smíði slíka gripi. Það síðarnefnda verður sífellt auðveldara.

Fræðin.

Þétti, sem hleðst upp gegnum viðnám frá stífum spennugjafa má líkja við vatnstank, sem fylltur er frá öðrum geymi, sem hefur stöðuga vatnshæð. (Sjá mynd 1).

Tankurinn A er með yfirfalli og það miklu aðstreymi að vatnshæðin helst stöðug þrátt fyrir frástreymið. Tankurinn B fyllist gegnum leiðslu við botn geymanna. Í upphafi er B tómur. Þegar skrúfað

Mynd 1:
Streymi milli
vatnstanka.



er frá lokanum á
leiðslunni byrjar
vatnið að
streyma.

Mest streymir
fyrst, en eftir
því sem hækkar í
B, þá hægir á
straumnum, því sá

þrýstingur, sem drífur strauminn áfram nemur vatnshæðarmun
geymanna.


Þegar vatnshæð í B er jöfn vatnshæðinni í A, þá er þrýstingur frá
hvorum geymi orðinn jafn í botnleiðslunni og straumurinn er núll.
Hversu fljótt vatnið hækkar í B ræðst af aðstreyminu, þ.e.
sverleika og lengd botnleiðslunnar og svo af því hversu stórt
grunnflatarmál B hefur. Því stærra sem grunnflatarmál B er, þeim
mun lengur er vatnið að ná ákveðinni hæð miðað við sama aðstreymi.

Við getum lýst þessu síðasta með formúlunni: $A \cdot h = I \cdot t$.

Grunnflatarmálið A sinnum h , hæðin, þ.e. rúmmál vatnsins í
rúmmetrum er I , streymið í rúmmetrum á sekúndu sinnum t , sekúndu-
fjöldinn, sem jafnt og streymið hefur varað. Þessi formúla gerir
ráð fyrir jöfnu streymi, sem ekki er í dæminu hér að ofan, en hún
gefur þó engu að síður rétt samband milli breytinga á þessum
stærðum á hverjum tíma.

Í upphleðsluþéttis má finna samsvörun við ofanefnt dæmi. Við
getum kallað dæmið að ofan líkan fyrir upphleðslu þéttis. Rás
fyrir upphleðslu þéttis er sýnd á mynd 2.

Mynd 2:
Upphleðsla þéttis.



Í fyrstu er þéttirinn
óhlaðinn. Þegar rofinn
gefur samband byrjar
upphleðslan. Þá er engin
spenna yfir þéttinn og
byrjunarstraumurinn má,
finna með Ohm's lögmali
 $I_0 = E/R$. Strax og

hleðsla streymir inn á þéttinn myndast yfir hann spenna og
straumurinn minnkar. Þegar spennan á þéttinum er orðin jöfn
spennu, rafhlöðunnar er straumurinn orðinn núll. Formúla, sem
lýsir upphleðslu þéttis á samsvarandi hátt og formúlan hér að ofan
er: $C \cdot e_{\text{út}} = I \cdot t$

Rýmdin C í Farad samsvarar grunnflatarmáli vatnstanksins, spennan
eút í voltum samsvarar vatnshæðinni. I er straumurinn í Amperum og
 t , tíminn í sekúndum. Eins og áður gerir þessi formúla ráð fyrir
jöfnu streymi, þ.e. stöðugum straum. Slíkt mundi vera raunin ef
þéttirinn væri hlaðinn frá straumgjafa, sem héldi straumnum jöfnum
og stöðugum.

Stundum eru þéttar hlaðnar frá þannig straumgjafa. Það samsvarar
jöfnu vatnsstreymi í vatnstankinum. Vatnshæðin vex þá með jöfnum
hraða.


Spennan yfir þéttinn vex línulega. Ef ætlunin væri að mæla þéttinn, mætti mæla tímann, sem tekur fyrir þéttinn að hlaðast upp. Því lengur sem tekur fyrir þéttinn, að hlaðast upp, þeim mun stærri er þéttirinn. Beint samband er á milli rýmdarinnar og tímans. Það samband er gefið af áður skrifaðri formúlu, sem umrita má þannig:

$$C = \frac{I \times t}{e_{\text{út}}}$$

Ef hlaðið er gegnum viðnám verður hleðslan ekki jöfn eins og áður er sagt, spennan vex ekki línulega. Hún vex eins og sýnt er á mynd 3.

Mynd 3.

Spenna yfir þétti, sem hlaðinn er upp gegnum viðnám.



Eins og fram kemur á myndinni vex spenna hægar og hægar eftir því sem hún hækkar. Hún nálgast samt spennu rafhlöðunnar meir og meir. Ef reiknaður er ferill spennunnar fæst:

$$e_{\text{út}} = E \left(1 - e^{-\frac{t}{RC}} \right)$$

Hér er $e = 2,71828\dots$ sem er grunntala náttúrlegra logarithma. Á reiknivélum með ex má auðveldlega reikna út úr formúlunni og fæst t.d. þegar $t = RC$ að $e_{\text{út}} = E \cdot 0,63212\dots$, þ.e. eftir þann tíma er spennan komin í ca. 63,2% af rafhlöðuspennunni. Formúlan segir að spennan yfir þéttinn nái rafhlöðuspennunni aldrei alveg, en hækki og nálgist hana meir og meir. Í raun hættir þó spennan fyrr eða síðar að vaxa, því hleðslan kemur í skömmtum, þar sem minnsti skammtur er hleðsla einnar rafeindar. Þegar eftir er hleðsla, sem nemur einni rafeind, er ekkert fyrir þessa rafeind að gera nema hrökkva eða stökkva.


Ef við reiknum út tímann, sem líður frá því spennan yfir þéttinn er elút og þangað til hún er $e_{2\text{út}}$ (sjá mynd 3), þá fæst:

$$\Delta t = RC \times \ln \left(\frac{E - e_{1\text{út}}}{E - e_{2\text{út}}} \right)$$

Hafi reiknivélin haft e^x er hún mjög sennilega með \ln , sem er náttúrlegur lógarithmi. Fyrir gefnar spennur kemur ein föst tala út úr lógarithmanum. Við sjáum, að rétt hlutfall er milli rýmdarinnar og tímans, þótt hér sé ekki um línulega upphleðslu að ræða. Línuleg upphleðsla er því óþörf, ef nota á tímamælingu við rýmdarmælingu. Þetta er notað í mælinum sem nú verður lýst.

Lýsing á mælirásinni.

Mynd 4., sýnir mælirásina og nokkrar spennur. Spennan CT er frá teljaranum. Hún er há í eina sekúndu, og á meðan telur teljarinn það sem inn á hann er sett. Meðan spennan er lág er niðurstaða talningarinnar færð út á ljósstafi og geymd þar meðan næst er talið. Mælirásin notar tvo CMOS kubba, CD4001 og CD4093 (merktir 01 og 93 á myndinni). Sá fyrri er með fjórum NOR hliðum en sá síðari með fjórum Smiðsgikkum. CMOS Smiðsgikkir hafa þann kost umfram TTL að taka sama og engan straum og hafa því ekki



Mynd 4.

Mælirásin ásamt þremur spennumyndum. marktæk áhrif á upp- eða afhleðslu þetta, sem eru tengdir við þá. Þeir hafa hæfilega spennutregðu (hysteresu), sem hlutfallslega er ekki mjög háð veituspennu. Þetta ásamt hverfandi straumnotkun gerir þá mjög skemmtilega í notkun, þar sem annars hefði e.t.v. 555 orðið fyrir valinu. Þegar spennan CT verður lág, verður spennan A há. Samtímis byrjar afhleðsla á C_x , þéttinum, sem mæla á. Þegar CT verður há byrjar teljarinn talningu eins og áður er sagt, ef eitthvað er til að telja. Rofinn S_1 skiptir milli tveggja mælisviða. Ef CT er tengt við P_2 með S_1 er spennan B lág í stuttan tíma, sem nemur eiginrýmd í mælileiðslunum og ekkert er til að telja á meðan. Þegar B verður há, fær teljarinn 1 MHz tíðni inn á sig, á meðan A er há. Sá tími ræðst af því hversu þéttirinn C er lengi að hlaðast upp í efri gikkspennu Smiðsgikks A. Sá fjöldi 1 MHz púlsa, sem teljarinn fær til að telja er því í réttu hlutfalli við rýmd C_x og ef P_2 er kvarðað rétt, þá sýnir teljarinn rýmdina beint. Minnsti aflestur, einn púls samsvarar þá lpF. P_3 er stillt þannig að aflesturinn sé núll, þegar enginn þéttir er tengdur við mælileiðslurnar, og er þá sjálfkrafa núlluð út rýmd þeirra, á meðan ekki er skipt um þær, eða rýmd þeirra breytist af öðrum orsökum. Ef rofanum S_1 er skipt yfir á P_1 verður upphleðslan þúsund sinnum hraðari og minnsti aflestur, einn,

samsvarar nú 1000pF. Ekki er þá þörf fyrir núllun rýmdar í mæli-leiðslum og spennan B er alltaf há. Stærsta mælanleg rýmd í þessu tilviki er 1000uF, en í því fyrra 1uF mínus rýmdin í mæli-leiðslunum.

Uppbygging.

Rásin er það fyrirferðarlítill, að hún komst fyrir inni í tíðni-teljaramum, þótt lítill væri og straumnotkun það lítill að hún skiptir ekki máli. Notuð var aðferð dauða kakkalakkans við uppbygginguna. Hún er oft fyrirferðarminnst undir þessum kringumstæðum. Rásirnar eru límdar hlið við hlið á einhvern sléttan flöt og lappirnar hafðar upp í loft eins og á dauða kakkalakkanum. Leiðslurnar eru svo lóðaðar á milli pinnanna. Hlutar eru það fáir að þeir lóðast einnig beint á pinnana. Breytingarviðnámin P_1 , P_2 og P_3 er 10 snúninga trimmstilli og sléttir fletir þeirra gera auðvelt að festa þeim með aðferð dauðu þrífattu flugnanna.

Kvörðun og notkun.

Nauðsynlegt er að komast yfir þetta sem hafa nokkuð nákvæmlega þekktu rýmd. Slíkir þéttar eru þó ekki á hverju strái, og verður þá að notast við þá þetta, sem bezt er treyst. Reynslan sýnir að aflestur á herra sviðinu (1000pF - 1000uF) er yfirleitt mjög stöðugur og endurtækur. Á lægra sviðinu hefur orðið vart við nokkurt flökt við mælingar. Núllið getur t.d. flökt um 3-4pF. Það er ekki alltaf jafn mikið og stundum lítið sem ekkert. Þegar teljarinn er notaður á rafhlöðum er flökkið nær undan-tekningarlaust lítið. Líklega eru því hér á ferðinni áhrif frá 220V, 50 Hz veituspennunni, sem orsaka flökkið, og að það sé mismunandi mikið eftir því hvernig stendur á hlutfalli milli staðaltíðni teljarans og 50 riðanna hverju sinni. Nákvæmnina hef ég ekki getað mælt svo óbyggjandi sé, en miðað við reynslu á endurteknum mælingum mundi ég giska á ca. $\pm 2\%$, þegar rétt er kvarðað. Rafvökvaþéttar þurfa að snúa rétt og hafa mínus í jörð. Séu þeir stærri en 1000uF má raðtengja þá við þétti, sem er rétt, innan við 1000uF. Sá þéttir er mældur fyrst og svo raðtengingin á eftir. Niðurstaðan er svo reiknuð út. Hafa ber í huga að leki í þéttinum sem sérstaklega er hætta á í rafvökvaþéttum, sökkir mælinguna, og niðurstaðan er meiri rýmd en raunverulegt er. Stundum hafa rafvökvaþéttar víð þolvik uppávið og getur því verið erfitt að greina á milli þess og leka. Ekki þarf að orðlengja það, að þéttamælir þessi hefur komið að miklum notum og er margfalt auranna virði.


73 de TF3KB.

Heyrt á förnum vegi:

"Veiztu það, ég hafði QSO við Tékka, sem var með Drake tæki. Ég hélt ekki að þeir væru með svoleiðis".

"Nú, var það ekki bara gúmmítékki?"

"Nei, nei, hann var OK".



Einu sinni var jaki, sem hét Svaki. Hann hét fullu nafni Svaki Sveiflujaki. Fyrir kom að hann var uppnefndur Yagi eða Sveiflujaki, en það er nú önnur saga. - Það var eitt sinn að Svaki ákvað að fara út að skemmta sér. Diskótek varð fyrir valinu. Þegar hann nálgast gáttina á diskótekinu Kvenwood, var þar biðröð fyrir. Svaki gerði sig líklegan til að sveifla sér inn um gáttina af miklu inngangsafli. Dyravörðurinn, sem hét Henry, var nú alls ekki á því. Hann hindraði Svaka strax í því að komast inn, og veitti honum mótstöðu, sem leiddi til mikillar spennu milli þeirra. Svaki þóttist sjá að þetta væri bara sýndarviðnám hjá Henry og bað hann blessaðan að spana sig ekki svona upp. Hann gæti orðið spólúvitlaus á endanum. Svaki gerði sig líklegan öðru sinni til að sveifla sér inn. Þá kom aðvífandi annar dyravörður, sem hét Ohm og hjá honum, var greinilega ekkert sýndarviðnám á ferðinni. Svaki var samt ekkert á því að gefa sig og upphófust nú miklar stymplingar, sem enduðu með einu allsherjar Ohms lögmáli í gáttinni. Þá kölluðu þeir Henry og Ohm á yfirdyravörðinn leiðara sinn og aðstoðarmann hans hálfleiðarann. Leiðarinn var greinilega mjög spenntur, en hálfleiðarinn stakk upp á að leysa málið með því að hleypa Svaka bara í aðra áttina gegnum gáttina, þ.e.a.s. út. Þegar þeir tóku að skeggræða þetta, neytti Svaki færiss. Meðan hálfleiðarinn snéri í hann bakinu hoppaði Svaki yfir hann a höfrungahlaupi. Fyrirstaðan var ekki mikil enda maðurinn uppdópaður. Síðan skaust hann samsíða framhjá þeim Henry og Ohm, skellti háspenntum leiðaranum beina leið í jörðina með braki og brestum og skammhljóp inn. - Þegar inn var komið var þröng a þingi. "Get ég fengið smárymd hérna, sagði hann í þvögunni við barinn, "svona eins og eitt pico-Farad". Ha, piko-hvað?", spurði ein daman sem snéri sér hneyksluð við, og frábað sér svona klæmið tal. - Það leið góð stund áður en hann náði tali af blandaranum. Einn RST 599C takk., sagði hann þegar loksins tókst að ná tali af honum. "Ha, hvað er nú það?", spurði blandarinn. "Hvað, veiztu það ekki maður. Nú auðvitað: R stendur fyrir remmu sem á að vera 5. S stendur fyrir styrkinn, sem á að vera 9 og T er tegund númer 9. Nú C-ið í endann þýðir auðvitað Coke úti. Þegar hann hafði fengið þetta afgreitt fékk hann sér sæti. Ein í réttum hlutföllum gekk framhjá. Það var eitthvað við hana, sem kom honum kunnuglega fyrir sjónir. Allt í einu mundi hann hvað það var. Hann hafði endur fyrir löngu lesið um rétt hlutföll í nýliðabæklingnum og um einhvern bakara, sem bakaði brauð í réttum hlutföllum. Þetta hlaut auðvitað að vera dóttir bakarans. Hann kallaði til hennar: "CQ". "Hvað er þetta maður", sagði hún, "hvaða ókurteisi er þetta, ég er engin kú". "Nei, ég meinti það heldur ekki þannig. Ég heiti Svaki Sveiflujaki sagði hann, "en þú?". "Ég heiti Svaka Sveiflurós", sagði hún.

sniðugt", sagði hann. "Ég er stundum uppnefnd og kölluð Svaka Sveiflurás", sagði hún, "en það er nú önnur saga". Þau ræddust við nokkra stund. "Jæja, svo þú ert radíóamatör", sagði hún, "hvað er nú það?". "Ja, sko, sjáðu til, við tölum við menn útum allan heim", sagði hann. - "Til hvers gerið þið það?", spurði hún. "Sko, skilurðu, við tölum þráðlaust og við erum að gera tilraunir og prófa hvort ekki næst samband við fjarlæg lönd, eða tala við vini okkar og kunningja hingað og þangað" sagði hann. "Nú" sagði hún er það ekki margprófað og getið þið ekki sent kunningjunum bréf í pósti?". - "Ja, við sendum þeim a.m.k. kort, en það er nú önnur saga, eigum við ekki að dansa?", spurði hann, og þau stigu út á ljósflökkandi dansgólf diskóteksins í svaka diskó sveiflu - ýmist í fasa eða mótfasa með yfirsveiflum og undirsveiflum yfir allt tíðnirófið. Stöku sinnum örlaði á aukasveiflum. Svaki sá útundan sér hvar dyraverðirnir nálgudust. Þeir höfðu verið að leita hans síðan hann skammhljóp inn. Hann sá sitt óvænna og kvaddi Svöku í flýti. "Ég hitti þig seinna", sagði hann. "Komdu inn að Elliðaám á sunnudaginn og hittu mig undir Hveitisteinsbrúnni. Við getum kannski hlustað á niðinn meðan straumurinn er í lágmarki eða tekið forskot á hveitibrauðsdagana". Hún kinkaði kolli og sagði "bless". Nú voru dyraverðirnir góðkunningjar Svaka, þeir Henry og Ohm komnir. Þeir komu hvor upp að sinni hlið Svaka, gripu í hann þéttingsfast og færðu hann í átt til útgangsins. Toguðu þeir í hann og ýttu til skiptis á þann hátt sem kallað er "push-pull", á máli útkastara. - Skipti engum togum, að út fór Svaki með - miklu útgangsaflí. Kveðjuorð hans til dyravarðanna voru: "Ég segi nú bara eins og Tarzan sagði við górrillurnar: Sé ykkur neðar á trjábólnum (See you further down the log!)". Næsta sunnudag fór Svaki inn að Elliðaám og var Svaka komin á undan honum. Þau hlustuðu á niðinn, því straumurinn var í lágmarki. Ræddu þau lengi saman um allt milli himins og jarðar og fór vel á með þeim. Er þau voru þannig í miðjum klíðum að taka forskot á hveitibrauðsdagana bar þar að bíl, en þau voru á miðri akbraut á árbakkanum. Bílstjórinn þeytti hornið hvað af tók, en þau færðu sig ekki úr stað. Hann neyddist til að snarhempla, þaut út öskureiður og spurði hvað í ósköpunum þau væru að gera þarna á miðri akbrautinni. - "Jú, sjáðu til", sagði Svaki, "fyrst kom hún, svo kom ég og svo komst þú og þú varst sá eini sem stoppað". 73 og sé ykkur í Kvenwood, TF-FRÍK.





Alessandro Volta (1745-1827) Georg Simon Ohm (1789-1854) André Marie Ampère (1775-1836)


tæknimál

í umsjó TF3ANN

Eins og segir í skilgreiningu verksviðs tæknilegs forstjóra er honum m.a. ætlað að miðla upplýsingum til félagsmanna um tæknileg málefni og vera ritstjóri tæknidálks í CQ TF Þessi dálkur hefur hér með göngu sína, en framtíð hans er að sjálfsögðu háð því að CQ TF yfir höfuð komi út.

Í þetta sinn verður tekið fyrir aðsent efni. TF2KJ hefur teiknað prentplötu fyrir sveifluvakann í 3,5 MHz nýliðasendingum. Hér er teikningin birt ásamt teikningum af niðurröðun hluta á plötuna og rásateikningu.






MÓTSTAÐA BROTTIN Á BAK AFTUR.


TF3KB hefur sent dálkinum eftirfarandi pistil:

"Mótstaða í leiðurum hverfur eins og kunnugt er nálægt núll gráðum á Kelvin (-273 °C). Fyrir u.þ.b. áratug bentu fræðilegir útreikningar til, að ofurleiðni væri ekki útilokuð við herbergishita, en enginn vissi hvort og hvernig efnum það væri mögulegt. Í sl. októberhefti af "Electronics" er sagt frá því að ofurleiðni við herbergishita hafi uppgötvast fyrir tilviljun í títan-brómíð kristöllum. Reyndust þeir eftir ákveðna meðhöndlun hafa viðnámið núll í eina átt, en eðlilegt viðnám hornrétt á þá átt. Þessir krystallar eru venjulega mjög stökkir, og ekki enn vitað hvort eða hvenær þetta leiðir til nýtanlegs árangurs. Hitt er víst að margir fylgjast spenntir með þróuninni.

Á meðan verðum við hinir að láta okkur nægja að brjóta viðnám á bak aftur með öðrum aðferðum. Tunnel díóður hafa verið þekktar um skeið og nú er komin á sjónarsviðið "lambda" díóðan. Hún er fengin með samtengingu tveggja FET-a eins og sýnt er á teikningunni, og línuritið sýnir samband straums og spennu mælt á sveiflusjá fyrir T1 = E300 og T2 = E177.



Settur var saman sveifluvaki eins og sýnt er á mynd 2. Nokkuð erfiðlega gekk að fá sveifluvakann til að starta, en þegar hann var kominn í gang fékkst sveifla yfir sveiflurásina sem mældist 12 volt p-p. Einfaldur sveifluvaki, og nú bíðum við bara eftir ofur leiðurunum í sveiflurásina, þá getum við sleppt öllu hinu:"



Tækifæri:

Fyrir þá sem vanta "spes" componenta til smíða.
Get m.a. pantað:

Transistora, s.s. MPF-101, 40673.

MC og LM IC-seríurnar.

Trimm-þétta.

Hreyfanl. þétta, s.s. Jackson Bros.,

E.F. Johnson týpur E og F.

Amidon toroids.

Stillanl. R.F. spólur (Miller).

RFC spólur.

Nánari upplýsingar veitir Hans K. Kristjánsson,
í síma 41612, eftir kl. 20.00.

viðskiptamál

de TF3AC, CW & YH

Dálki þessum er ætlað, eins og nafnið ber með sér að fjalla um "viðskiptamál", og er þá að sjálfsögðu átt við radióviðskipti á öldum ljósvakans, en ekki verzlun og viðskipti. Með þessu er átt við það sem á erlendum málum er kallað "traffic" og nær til diplóm- DX- QSL- keppnis- og annarra mála, sem tengjast radióviðskiptum á amatörböndunum.

Undirritaður hefur nú verið útnefndur fulltrúi fyrir CQ diplómurnar á Íslandi. Þeir sem ætla að sækja um geta snúið sér til mín með QSL mál sín og mun ég þá fara yfir þau og staðfesta að allt sé rétt.

Forskeyti radióamatörkallmerkja í Bandaríkjum Norður-Ameríku hafa breytt til mikilla muna á síðustu árum. Hér á næstu síðu kemur handhægur listi, sem auðveldar mjög fyrir menn að finna hvað er hvað.

73 de TF3AC.

Aðrir TF útileikarnir voru haldnir um verzlunarmannahelgina sl. sumar. (Var einhver að segja að verzlun og viðskipti færu ekki saman?). Þátt tóku eftirtaldir stöðvar: TF1SS, TF3DX, TF3IM, TF3IRA, TF3OM og TF3YH. Inn komu þrjár radiódagbækur og samkvæmt þeim er niðurstaðan þessi:

Flokkur II. 0 til 5 wött inn: TF3DX/P 6240 punktar

Flokkur IV. Yfir 50 wött inn: TF3IRA/P 7695 punktar

Flokkur IV. Yfir 50 wött inn: TF3OM 5040 punktar

Þótt þátttaka hefði mátt vera meiri ber þátttakendum saman um að þeir hafi haft mikið gaman af.

Þátttaka í alþjóðlegum keppnum árið 1980, var með mesta móti frá TF3IRA.

Fyrst ber að nefna WPX-SSB keppnina í marz. Þar náðist um 3 milljóna-punkta árangur í multi-single flokki, Næst heyrðist í okkur í báðum SAC keppnunum. Þar vonumst við til að vera mjög ofarlega í Skandinavíu, í okkar flokki. Síðast en ekki sízt ber að nefna CQ keppnirnar í okt. og nóv. Þar gengu nokkuð vel fyrir sig, og hefur betri árangur ekki náðst frá TF3IRA, síðan stöðin hóf þátttöku í keppnum þessum. Í CQ-WW-SSB varð árangurinn um það bil 2.8 milljónir punkta. Í

CW hlutanum

rétt yfir 2 milljónir.

Strax er farið að skipuleggja þátttöku í keppnum árið 1981, og ekki er ráð

nema í tíma sé tekið.

73 de TF3CW.

Orðsending frá TF3YH:

Dálkurinn DXCC-staðan fellur

niður héðan í frá (a.m.k.

að minni hálfu) vegna

óánægju ýmissa

félagsmanna og hefur því

jafnvel verið skotið að

mér að sá landafjöldi sem

þar hafi birst eigi

jafnvel ekki við rök að

styðjast. Ég hefi enga

ánægju af því að birta

þvílíkan lista.

Vy 73 de TF3YH.

TF-I.R.A. QSL Bureau

hvetur félagsmenn til

þess að gera upp skuldir

sínar við Bureauið. Öll

gögn eru í vörzlu


undirritaðs.

73 de TF3-035.



Forskeyti radióamatörkallmerkja í Bandaríkjum Norður-Ameríku og tengdum landssvæðum.

○ AA - AG	U.S.A.	○ KN - KO	U.S.A.
AH1	Baker, Howland- & American Phonix Isl.	KP1	Navassa Island
AH2	Guam	KP2	Virgin Island
AH3	Johnston Island	KP3	Serrana Bank and Roncador Cay
AH4	Midway Island	KP4	Puerto Rico
AH5	Palmyra & Jarvis Isl.	x KP6	Palmyra & Jarvis Isl.
AH5K	Kingman Reef	○ KQ - KSU	U.S.A.
AH6	Hawaii	x KS6	American Samoa
AH7	Kure Island	KT - KSU	U.S.A.
AH8	American Samoa	x KV4	Virgin Islands
AH9	Wake Island	○ KW	U.S.A.
○ AI - AK	U.S.A.	x KW6	Wake Island
AL7	Alaska	KX1-5	U.S.A.
○ K, KA	U.S.A.	KX6	Marshall Island
○ KB	U.S.A.	○ KX7-0	U.S.A.
x KB6	Baker, Howland-& American Phonix Isl.	○ KY	U.S.A.
○ KC1-4	U.S.A.	KZ1-4	U.S.A.
KC4AAA-		KZ5	Panama Canal Zone
KC4AAf,		○ KZ6 -0	U.S.A.
KC4USA		N, NA-NG	U.S.A.
KC4USZ	Antartic	NH1	Baker, Howland-& American Phonix Isl.
x KC4	Navassa Island	NH2	Guam
KC5	U.S.A.	NH3	Johnston Island
KC6	Eastern Carolines	NH4	Midway Island
KC6	Western Calolines	NH5	Palmyra & Jarvis Isl.
○ KC7-0	U.S.A.	NH5	KKingman Reef
○ KD - KF	U.S.A.	NH6	Hawaii
KG1-3	U.S.A.	NH7	Kure Island
KG4.	Guatanamo Bay	NH8	American Samoa
KG5	U.S.A.	NH9	Wake Island
x KG6	Guam	○ NI - NK	U.S.A.
KG6R/S/T	Mariana Islands	NL7	Alaska
○ KG7-0	U.S.A.	○ NM - NOU	U.S.A.
KH1	Baker, Howland-& American Phonix Isl.	NP1	Navassa Island
KH2	Guam	NP2	Virgin Island
KH3	Johnston Island	NP3	Serrana Bank & Roncador Cay
KH4	Midway Island	NP4	Puerto Rico
KH5	Palmyra & Jarvis Isl.	○ NQ - NZU	S.A.
KH5K	Kingman Reef	○ W, WA-WGU	S.A.
KH6	Hawaii	WH1	Baker, Howland- & American Phonix Isl.
KH7	Kure Island	WH2	Guam
KH8	American Samoa	WH3	Johnston Island
KH9	Wake Island	WH4	Midway Island
○ KI - KJ	U.S.A.	WH5	Palmyra & Jarvis Isl.
x KJ6	Johnston Island	WH5K	Kingman Reef
○ KK	U.S.A	WH6	Hawaii
KL7	Alaska	WH7	Alaska
○ KM	U.S.A.	WH8	American Samoa
x KM6	Midway Island	WH9	Wake Island
WL7	Alaska	○ WI - WK	U.S.A.
○ WM - WO	U.S.A.	WP4	Puerto Rico
WP1	Navassa Island	○ WQ - WZ	U.S.A.
WP2	Virgin Island	○ =	Alaska og Hawaii undanskilin
WP3	Serranc Bank & Roncador Cay.	x =	Leyfisbréf útgefin fyrir 25/3 1978.



Mikilvægt er fyrir hlustara að geta að því að þau kort sem þeir fá frá radióamatörum séu útfyllt með þeim lágmarksupplýsingum sem krafist er t.d. fyrir hin ýmsu viðurkenningarskjöl, sem þeir geta sótt um. Kröfur ISWL í þessum efnum eru til dæmis hliðstæðar kröfum landsfélaga radióamatöra um allan heim.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að kallmerki amatörstöðvarinnar sé prentað (skrifað) á kortið. Í öðru lagi dagsetning, ár, tími dags, tíðnisvið (eða bylgjulengd - band) ásamt tegund útgeislunar. Flest viðurkenningarskjöl krefjast þess að getið sé um stöðina sem amatörinn var í sambandi við, t.d. WKD 9K2DR. Í fjórða lagi á hlustmerkið að koma fram eða nafn. Í fimmta lagi er æskilegt að amatörinn geti þess að hann staðfesti að hann hafi athugað sambandið í dagbókinni og upplýsingar séu réttar. Oft er notað "Rprt checks with log". Þegar þessi fimm atriði eru í lagi, rennur kortið gegnum athugun erlendis og viðurkenningarskjalið berst fljótlega.

Ekki má gleymast að til þess að fá kort frá radióamatörum er meginatriði að allar upplýsingar komi fram á hlustkortinu. Persónuleg umsögn um gæði sendingarinnar frá amatörnum í Remarks dálk kortsins gerir oft gæfumuninn, en varast ber að hafa umsögnina öðruvísi en heiðarlega. Margir radióamatörar hafa sjálfir verið hlustarar og gera því kröfur um rétta útfyllingu kortsins. Þá hafa margir ánægju af því að fá upplýsingar um veðurfar og þau tæki og loftnetsbúnað sem hlustarinn notar.

Því er ekki að neita að mikilvægustu kortin fyrir amatörinn eru oft þau þegar hann gerir tilraunir með loftnet QRP afl eða vinnur á erfiðum tíðnisviðum. Undirritaður hafði til dæmis mikla ánægju af því að fá hlustkort frá JT1-008 um að hafa heyrst á 3,5 MHz. Bæði vegna þess að tíðnisviðið er erfitt til sambanda upp til Mongólíu og einnig að QSL kort er ekki í eigu undirritaðs þáðan.


Oft eru menn ópolinmóðir þegar þeir bíða þess að fyrstu kortin fari að berast. Það er ekki óalgengt að það taki ca. fjóra til tólf mánuði eða lengur fyrir kortin að berast um Bureau'íð. Sum berast fyrr, sum jafnvel seinna. Önnur aðferð er til, en mun kostnaðarsamari, og það er að senda kortin beint heim til amatörsins eftir upplýsingum sem er að finna í Kallbókinni (Radio amateurs Callbook). Vegna kostnaðarins er það óráðlegt, nema í tiltölulega litlu magni.

Flest hlustkort sem undirrituðum hafa borist eru á sambönd sem höfð hafa verið á einhliðabandsmótun. Hygg ég að svo sé um flesta aðra amatöra. Það liggur ljóst fyrir að það er aðgengilegasti þátturinn fyrir nýja menn. Hinu er ekki að leynd að hlustkort a sambönd sem höfð eru a morsi, þeim er frekar svarað. Ef til vill vegna fjölda korta á SSB. Sumir radióamatörar sjá ekki um sínar kortaskriftir sjálfir, heldur hafa menn fyrir sig, sem nefnast "QSL Manager". Sá háttur er hafður á, að þeir senda radiódagbókina til Manager'ana, sem síðan sjá um kortin " Upplýsingar um þessar stöðvar er yfirleitt að finna í tímaritum fyrir radióamatöra, eins og t.d. QST, CQ, RADIO COMMUNICATION, OZ, QTC, CQ DL og fleirum. Þá eru einnig sérstakir bæklingar um DX og skyldar upplýsingar gefnir út vikulega, hálfsmánaðar- og mánaðarlega, eins og t.d. THE DX BULLETIN, THE LONG ISLAND DX BULLETIN, DX-PRESS, QRZ, DX MITBETEILUNGEN, og fl. Þessir bæklingar eru oft ómetanlegir, þeir bera nýjustu fréttir og oft ítarlegri. Upplýsingar hjá undirrituðum fyrir þá sem áhuga hafa.

Þar til næst, -góða veiði- og 73 de TF3JB.

Dags		Klukkan		QRG	Teg. útg.	Mitt		Hans		Nafrn - OTH - annað	OP.	OSL
		byrjun	endir			all	loftn.	all	loftn.			
Kallið		Svarið		RST	útg.	all		all				
Kallið		Svarið		getið	útg.	all		all				
Kallið		Svarið		móttakið	útg.	all		all				

ÁRIÐ



Í.R.A. hefur til sölu:

Kennslukasettur í morse fyrir byrjendur.

Æfingakasettur í morse fyrir lengra komna.

Radíódagbækur, íslensk hönnun. Hver bók getur tekið 1000 QSO. Sérstakir gormar eru í kili, sem ekki bogna og eru bækurnar yfirflettanlegar. Um er að ræða þrjá liti á pappír, hvítan, gulan og ljósbláan. Notaður er svartur farvi. Þá er loks hægt að velja um lit á kápu, annað hvort appelsínugulan eða steingráan.

Á bakhlið er prentað kort sem sýnir nýju skiptinguna í kallsvæði, TF0...TF9. Þá er að finna leiðbeiningasíðu og "bandplan" I.A.R.U. fyrir stuttbylgjurnar í dagbókinni. Radíódagbókin er hönnuð af TF3KB.

Bókin "Fjarlægðir og stefnur frá Reykjavík", tekið saman af TF3KB.

Borðfánar úr silki með afmælismarki félagsins ásamt áletruninni "stofnað 1946".

Barmmerki úr silfri með afmælismarki félagsins.

Bílrúðumerki (límanleg innaná rúðu) með afmælismarki félagsins.

QTC sendingar eru frá TF3IRA hvern föstudag, QRG 3525 kHz +- QRM.

Nýja félagsmerkið verður bráðlega til í svart-hvítu fyrir QSL-kort, til afnota fyrir félagsmenn.



Embættismenn félagsins.

Stjórn Í.R.A.:

Formaður: TF3KB
Varaformaður: TF3CW
Ritari: TF3JB
Gjaldkeri: TF3RA
Spjaldskrárritari: TF3YH

Varamenn í stjórn:

Vararitari: TF3LG
Varagjaldkeri: TF3SB
Endurskoðendur:
TF3AC
TF3UA

Varaendurskoðandi:

TF3US

Prófnefnd Í.R.A.:

Formaður: TF3DX
Ritari: TF3KX
TF3KB
TF3LG
TF3SB

Aðrir embættismenn.

Fulltrúi Í.R.A. í húsnefnd:

TF3JB

Fræðslustjóri:

TF3KB

Söguritari A: TF3AC

Söguritari B: TF3DC

Ritstjóri CQ TF TF3KB

(En staðan laus)

Ritstjóri Frétta bréfsins:

TF3KB.

(En staðan laus)

Auglýsingastjóri: Laus

Tæknilegur forstj.: TF3ANN

Verkstæðisformaður: TF3KC

Metrabylgjuforstjóri (VHF Mgr.):

Laus.

Útbreiðslukönnuður radióbylgna:

Laus

Forstjóri P í, R.A.: TF3ANN

(Vill hætta)

Truflanavarnatæknir: TF3SB

RTTY forstjóri: TF3SB

SSTV forstjóri Laus

QSL forstjóri (QSL Manager):
TF3AC

Viðurkenninga-forstjóri (Awards
Manager): TF3AC

Viðurkenninganefnd (Awards Com-
mittee):

Formaður: TF3AC
TF3CW
TF3JB
TF3KB

Viðskiptaforstjóri,
(Traffic Manager): TF3YH

Neyðarfjarskipta- stjóri:
Laus

Bóka- og blaða- safnsstjóri:
TF3UA

Drykk- og meðlætis- stjóri:
TF3-033

Húsvörður Í.R.A.: TF3-033

Radíómiðunarstjóri: Laus

Radíóskáta tengill: Laus

Almanna tengill, (P.R.):

Umsjón stjórnar

Póst & símamála- stofnunar tengill:

Umsjón stjórnar

I.A.R.U. tengill:

Umsjón stjórnar

